



GOLFKLÚBBUR REYKJAVÍKUR

Tillaga að breytingu á lögum Golfklúbbs Reykjavíkur

Gerð er tillaga um breytingu á 10. gr. laga klúbbsins sem fjallar um það hvernig staðið skuli að stjórnarkjöri. Tilgangur breytinganna er gera skerpa á skýrleika þess hvernig staðið sé að stjórnarkjöri í félaginu og því hvert skuli vera hlutverk kjörnefndar. Jafnframt er lögð fram tilaga til breytinga á 16. gr. laga félagsins hvað varðar lágmarksfrest til boðunar aðalfundar. Þá er lögð til breyting á 3. gr. reglnanna og lagt til að ekki verði lengur gerð krafa um tvo meðmælendur með umsóknum um inngöngu í klúbbinn, en sú krafa endurspeglar ekki tíðarandann og framkvæmdina í dag. Golfklúbbur Reykjavíkur á að vera opin öllum sem uppfylla almenn skilyrði um inngöngu.

Gildandi 10. gr. er svohljóðandi.

10. grein

Stjórn félagsins skal skipuð sjö mönnum sem kosnir eru á aðalfundi. Sex eru kosnir til tveggja ára í senn, þrír í hvert sinn, en formann félagsins skal kjósa sérstaklega til eins árs í senn.

Formaður félagsins er aðalforsvarsmáður þess og kemur hann fram fyrir hönd félags og stjórnar þegar við á, auk þess sem hann stýrir stjórnarfundum og sinnir öðrum þeim verkefnum sem stjórnin kann að fela honum og lög heimila.

Á aðalfundi skal jafnframt kjósa þrjá varamenn í stjórn til eins árs í senn. Í forföllum aðalmanna skulu varamenn kallaðir til í þeirri röð sem þeir voru tilnefndir við kjör eða kosnir.

Varamenn mega sitja alla stjórnarfundum í félaginu og hafa þar málsfrelsi og tillögurétt en atkvæðisrétt hafa þeir aðeins í forföllum aðalmanns. Stjórnarmenn og varamenn má endurkjósa.

Á aðalfundi skal kjósa þrjá félagi í kjörnefnd til að annast framkvæmd kjörs til stjórnar félagsins á næsta aðalfundi. Framboð til formanns-, stjórnar- og varastjórnarkjörs á aðalfundi skal berast nefndinni fyrir 16. október sent á netfang er birt skal á heimasíðu félagsins (sjá netfang undir "Stjórn og nefndir GR - kjornefnd@grgolf.is"). Skal frambjóðandi gera grein fyrir því hvort frambjóðing er til embættis formanns, stjórnar eða varastjórnar. Ef frambóð til stjórnarsetu eru fleiri en þau stjórnarsæti sem kjósa skal um skal kjörnefnd gera tillögu á aðalfundi um kosningu þriggja frambjóðenda til stjórnarsetu. Hið sama gildir um varastjórn. Störf kjörnefndar skulu miða að því að jafnræði og gagnsæi ríki við stjórnarkjör, að í stjórn félagsins sitji að lágmarki þriðjungur einstaklinga af hvoru kyni og jafnframt að því að meirihluti stjórnarmanna hafi reynslu af störfum fyrir félagið og þekkingu á starfsemi þess.

Lagt er til að greinin verði svohljóðandi:

10. grein

Stjórn félagsins skal skipuð sjö mönnum sem kosnir eru á aðalfundi. Sex eru kosnir til tveggja ára í senn, þrír í hvert sinn, en formann félagsins skal kjósa sérstaklega til eins árs í senn.

Formaður félagsins er aðalforsvarsmáður þess og kemur hann fram fyrir hönd félags og stjórnar þegar við á, auk þess sem hann stýrir stjórnarfundum og sinnir öðrum þeim verkefnum sem stjórnin kann að fela honum og lög heimila.



GOLFKLÚBBUR REYKJAVÍKUR

Á aðalfundi skal jafnframt kjósa þrjá varamenn í stjórn til eins árs í senn. Í forföllum aðalmanna skulu varamenn kallaðir til í þeirri röð sem þeir voru tilnefndir við kjör eða kosnir, þó þannig að gætt sé, eftir fremsta megni, að hlutfall hvors kyns sé ekki lægra en þriðjungur.

Varamenn mega sitja alla stjórnarfundi í félaginu og hafa þar málsfrelsi og tillögurétt en atkvæðisrétt hafa þeir aðeins í forföllum aðalmanns. Stjórnarmenn og varamenn má endurkjósa.

Á aðalfundi skal kjósa þrjá féлага í kjörnefnd sem skal vera ráðgefandi við val á frambjóðendum til stjórnar og leggja fram tillögur að frambjóðendum sem fylgja skulu aðalfundarboði. Við tilnefningu á frambjóðendum til stjórnarkjörs skal kjörnefnd hafa að leiðarljósi að hagsmunum allra félagsmanna sé gætt og að þeir einstaklingar sem tilnefndir eru til stjórnarsetu búi sem heild yfir nægilegri þekkingu og reynslu til þess að rækja hlutverk sitt. Jafnframt skal kjörnefnd miða að því að jafnræði og gagnsæi ríki við stjórnarkjör.

Félagsmenn sem hafa áhuga á að taka sæti í stjórn geta upplýst nefndina um áhuga sinn fram til þess tíma sem boðað er til aðalfundar. Jafnframt er kjörnefnd heimilt að hafa frumkvæði að því að leita til félagsmanna og kanna með áhuga þeirra á stjórnarsetu. Þá skal kjörnefnd í tilnefningum sínum taka mið af því að í stjórn sitji að lágmarki þriðjungur einstaklinga að hvoru kyni, jafnframt skal litið til reynslu af félagsstörfum og aldursdreifing. Stjórn skal setja kjörnefnd starfsreglur.

Vilji einhver félagsmaður sem ekki er tilnefndur af kjörnefnd bjóða sig fram til stjórnar skal hann gera það með að minnsta kosti viku fyrirvara fyrir aðalfund.

Gildandi 16. gr. er svohljóðandi.

16. grein

Aðalfundur fer með æðsta vald félagsins. Aðalfundur skal halda í Reykjavík að reikningsári loknu og fyrir 7. desember ár hvert. Aðalfundur skal boða með viku fyrirvara hið skemmsta með auglýsingu á vefsíðu félagsins, tölvupósti til félagsmanna og á miðlum félagsins. Dagskrá fundarins skal fylgja fundarboði.

Lagt er til að greinin verði svohljóðandi

16. grein

Aðalfundur fer með æðsta vald félagsins. Aðalfundur skal halda í Reykjavík að reikningsári loknu og fyrir 7. desember ár hvert. Aðalfundur skal boða með tveggja vikna fyrirvara hið skemmsta með auglýsingu á vefsíðu félagsins, tölvupósti til félagsmanna og á miðlum félagsins. Dagskrá fundarins skal fylgja fundarboði ásamt tillögum kjörnefndar um frambjóðendur til stjórnar.

Gildandi 3. gr. er svohljóðandi:

3. grein

Félagar geta allir orðið sem hafa áhuga á að styðja tilgang félagsins og óska aðildar með skriflegri umsókn og hafa meðmæli tveggja félagsmanna, enda samþykki stjórnin umsókn á fundi sínum.

Stjórn skal ákveða hámarksfjölda félagsmanna hverju sinni miðað við þá aðstöðu til golfleiks sem félagið getur boðið hverju sinni.

Æski fleiri félagsaðildar en unnt er að verða við skal setja umsækjendur á biðskrá. Stjórn skal setja og birta reglur um biðskrána.



GOLFKLÚBBUR REYKJAVÍKUR

Aukaaðild að klúbbum geta fengið ungmenni 17 ára og yngri. Aukaaðild fylgir takmarkaður réttur til leiks á golfvöllum félagsins samkvæmt reglum sem stjórnin setur. Stjórn skal ákveða hámarksfjölda aukafélaga miðað við þá aðstöðu sem félagið getur boðið hverju sinni.

Lagt er til að greinin verði svohljóðandi:

3. grein

Félagar geta allir orðið sem hafa áhuga á að styðja tilgang félagsins og óska aðildar með skriflegri umsókn.

Stjórn skal ákveða hámarksfjölda félagsmanna hverju sinni miðað við þá aðstöðu til golfleiks sem félagið getur boðið hverju sinni.

Æski fleiri félagsaðildar en unnt er að verða við skal setja umsækjendur á biðskrá. Stjórn skal setja og birta reglur um biðskrána.

Aukaaðild að klúbbum geta fengið ungmenni 17 ára og yngri. Aukaaðild fylgir takmarkaður réttur til leiks á golfvöllum félagsins samkvæmt reglum sem stjórnin setur. Stjórn skal ákveða hámarksfjölda aukafélaga miðað við þá aðstöðu sem félagið getur boðið hverju sinni.